

**Fundargerð háskólaráðs**  
**389. fundur fimmtudaginn 21.12.2017**  
**Borgir, 262 kl. 14:00**

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 14.04.

Mættir voru auk hans:

Berglind Ósk Guðmundsdóttir fulltrúi nemenda  
Brynhildur Pétursdóttir fulltrúi háskólaráðs  
Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs  
Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins  
Sigfríður Inga Karlsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Forföll boðuðu:

Björn Ingimarsson fulltrúi menntamálaráðherra  
Lára Halldóra Eiríksdóttir varafulltrúi menntamálaráðherra

Aðrir mættir:

Martha Lilja Olsen ritari háskólaráðs

Gestir:

Ólafur Halldórsson, framkvæmdastjóri  
Úlfar Hauksson, forstöðumaður fjármálasviðs  
Kristinn Pétur Magnússon, formaður jafnréttisráðs  
Hafdís Skúladóttir, fulltrúi í jafnréttisráði  
Lars Gunnar Lundsten, forseti hug- og félagsvísindasviðs

---

Rektor kynnti dagskrá.

**1. Samþykkt fundargerðar 388. fundar**

*1711012*

Fundargerðin samþykkt.

**2. Rekstur**

Ólafur Halldórsson og Úlfar Hauksson komu inn á fundinn. Úlfar fór yfir rekstraryfirlit janúar til nóvember. Gert ráð fyrir að rekstur háskólans verði innan áætlunar í lok árs.

Gerð var ástandsúttekt á eldra húsnæði skólans s.l. sumar. Fyrir liggur skýrsla verkfræðistofunnar EFLU sem sá um ástandsúttektina. Í kjölfar skýrslunnar og ráðlegginga í framhaldi af henni var D-hús rýmt þar sem í ljós komu skemmdir og raki í því húsi og ekki talin æskileg vinnuvist þar. Nokkrar skemmdir og leki eru í öðrum eldri húsum og ljóst að það þarf að fara í aðgerðir vegna viðhalds og endurbóta, sérstaklega m.t.t. til uppsetningu vélrænnar loftunar í þeim húsum þar sem slíkt er ekki fyrir hendi.

Kostnaðurinn við þær framkvæmdir sem þarf að fara í strax á árinu 2018 er um 40 milljónir en í framhaldinu er lagt til að eldri húsin verði klædd og einangruð. Í heild er um að ræða framkvæmdir upp á uþb 120 milljónir samkvæmt fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun.

Sem hluti af þeim tilfærslum með tilliti til aðstöðu starfsmanna sem þurfa að eiga sér stað innan skólans vegna niðurstöðu skýrslunnar þurfti að bæta við húsnæði og ákveðið var að taka sjöundu hæðina á Borgum á leigu til næstu ára. Tilkoma sjöundu hæðarinnar mun einnig leysa húsnæðismál vegna nýrra starfsmanna sem gert er ráð fyrir að munu koma til starfa á næsta ári.

Óskað hefur verið eftir sérstöku fjármagni frá stjórnvöldum vegna þessara framkvæmda í ljósi niðurstöðu skýrslunnar og er beðið eftir svörum við því.

Í fjárlagafrumvarpi 2018 er gert ráð fyrir auknu fjármagni til háskólastigsins og er hlutur HA þar 76 milljónir. Þar sem rekstur skólans er í jafnvægi þá er gert ráð fyrir að hægt verði að nýta hluta af þessu aukafjármagni í þessar framkvæmdir fari svo að ekki fáiast aukafjármagn til framkvæmdanna.

### **3. Stefna 2018-2023**

*1703017*

Rektor kynnti drög að texta og útliti fyrir stefnu HA 2018-2023. Verið er að leggja lokahönd á stefnuna en gert er ráð fyrir að ný stefna verði kynnt fyrir menntamálaráðherra um miðjan janúar. Háskólaráð samþykkir framsetningu stefnunnar en rektor mun senda lokaútgáfu skjalsins á háskólaráð áður en það verður gefið út og kynnt fyrir menntamálaráðherra.

### **4. Jafnrétti í kennslu – gátlisti fyrir kennara**

*1712014*

Fulltrúar úr jafnréttisráði, Kristinn Pétur Magnússon og Hafdís Skúladóttir, komu inn á fundinn og kynntu gátlista um jafnrétti í kennslu fyrir kennara. Háskólaráð fagnar framtakinu en bendir á að mikilvægt sé að eftirfylgni með innleiðingu á slíku verkfæri fyrir kennara sé markviss svo það verði notað eins og til er ætlast. Nauðsynlegt er að finna málinu farveg innan skólans, hvort sem það er á ábyrgð gæðaráðs, fræðasviðsforseta eða annarra aðila.

Jafnréttisráðsfulltrúar bentu einnig á að mikilvægt er að skipta ekki út öllum fulltrúum ráðsins í einu en skipunartími ráðsins rennur út í febrúar.

## **5. Erindi frá stjórn vísindasjóðs**

*1308022*

Lagt fram erindi frá stjórn vísindasjóðs þar sem óskað er eftir aukaframlagi, kr. 1.000.000 í útgáfusjóð háskólans. Erindið hefur þegar verið samþykkt í framkvæmdastjórn og vísað þar til afgreiðslu háskólaráðs. Háskólaráð samþykkir hækkunina enda samræmist það stefnu háskólans um uppbyggingu og stuðning við rannsóknir.

## **6. Ferðasjóður HA – aðgengi hlutastarfsmanna**

Samkvæmt reglum um ferðasjóða HA þurfa starfsmenn að vera að lágmarki í 50% starfi til að eiga rétt á styrk úr sjóðnum. Það útilokar starfsmenn sem eru komnir í 49% starf (vegna töku lífeyris). Hins vegar er ekki slíkt ákvæði um umsóknir í rannsóknasjóðinn. Háskólaráð leggur til að þessu verði breytt þannig að starfsmönnum í 49% starfi verði heimilt að sækja um í sjóðinn. Háskólaráð leggur til að þessu starfsfólki verði gert kleift að sækja í ferðasjóð og að skilyrði um starfshlutfall í reglunum verði annað hvort 49% eða að ekki verði tiltekið ákveðið starfshlutfall í reglunum þó áfram verði krafa um að umsækjandi sé í aðalstarfi sínu við HA. Því er vísað til fjármálasviðs að skoða áhrifin sem það gæti haft á heildarfjármagnið í sjóðnum ef ekki er gerð krafa um ákveðið starfshlutfall. Í framhaldinu verði skoðaðar heildstætt aðstæður starfsmanna í hlutastörfum innan skólans, með tillit til aðgengis að sjóðum, húsnæðisaðstöðu o.fl. Erindinu beint til skoðunar á fjármálasviði.

## **7. Drög að kennslualmanaki 2018-2019**

*1712015*

Lagt fram til kynningar drög að kennslualmanaki 2018-2019.

## **8. Framkvæmdastjóri háskólaskrifstofu – auglýsing**

Lögð fram til kynningar og samþykktar auglýsing vegna framkvæmdastjóra háskólaskrifstofu. Háskólaráð samþykkir birtingu auglýsingarinnar.

Í tengslum við starfslok framkvæmdastjóra og forstöðumanns fjármálasviðs kynnti rektor hugmyndir að ákveðnum skipulagsbreytingum á háskólaskrifstofu og rektorsskrifstofu. Háskólaráð samþykkir að tillögurnar verði skoðaðar og rektor vinni áfram með þær og leggi fram formlega tillögu síðar.

## **9. Ferli vegna samskiptavanda eða ósæmilegrar hegðunar nemenda eða starfsfólks**

*1712020*

Ferlið var kynnt í háskólaráði í október og er nú lagt fram til samþykktar. Háskólaráð samþykkir ferlið eins og formaður siðanefndar kynnti það í október.

## **10. Frá háskólafundi**

*1711011*

Rektor kynnti niðurstöður háskólafundar 28. nóvember 2017. Fundargerð fundarins lögð fram til upplýsinga. Háskólafundur samþykkti þá heildarmynd stefnunnar sem hefur verið í umræðunni undanfarin misseri.

## **11. Endurskoðun á lögfræðinámi við HA**

Lars Gunnar Lundsten forseti hug- og félagsvísindasviðs kom inn á fundinn og kynnti stöðu málsins, í framhaldi af bókun háskólaráðs frá 2. nóvember s.l. Sviðsforseti hefur skipað starfshóp á hug- og félagsvísindasviði til að skoða hugsanlegar skipulagsbreytingar og endurskoðun á lögfræðinámi við HA.

Sviðsforseti óskar eftir því við háskólaráð að ekki verði innritað í grunnám í lögfræði haustið 2018 og 2019 og lagði fram tillögu þess efnis. Hinsvegar hefur komið í ljós að þó nokkur fjöldi starfsmanna sviðsins er mótfallinn þessari tillögu. Sviðsforseti telur þó að þær breytingar sem þarf að gera á lögfræðinámi séu það miklar, þ.e. heildarendurskipulagning á verklagi og nálgun í lögfræðináminu, að nauðsynlegt sé að gera hlé á innritun nýrra nemenda í grunnámi svo starfsmenn deildarinnar fái rými til að vinna þá endurskoðun og breytingar sem nauðsynlegar eru. Þannig sé dregið úr kennsluskyldu starfsmanna í lagadeild á meðan heildarendurskoðun á náminu fer fram svo álagið á starfsmenn á tímabilinu verði ekki of mikið.

Finnbogi yfirlag fundinn kl. 16:55.

Bæði fræðasviðsfundur hug- og félagsvísindasviðs og deildarfundur félagsvísinda- og lagadeildar hafa ályktað gegn tillögu fræðasviðsforseta. Jafnframt hefur háskólaráði borist bréf frá kennurum í lögfræði þar sem fyrirætlunum sviðsforseta var mótmælt. Sviðsforseti telur samt sem áður að nauðsynlegt sé að gera hlé á innritun á meðan endurskoðun námsins fer fram í ljósi þess að nú þegar er of mikið álag á starfsmenn og ekki sé unnt að leggja meira vinnuálag á starfsmenn en það sem nú er.

Lars yfirlag fundinn kl. 17:20.

Háskólaráð synjar tillögu fræðasviðsforseta um að ekki verði innritað í grunnám í lögfræði háskólaárin 2018-2019 og 2019-2020.

Háskólaráð felur rektor að funda með starfsmönnum námsbrautar í lögfræði og starfsmönnum sviðsins um næstu skref með tilliti til bókunar háskólaráðs frá 2. nóvember s.l. Jafnframt muni rektor ræða við sviðsforseta um framkvæmd áðurnefndrar bókunar háskólaráðs og áframhaldandi vinnu við endurskoðun náms í lögfræði.

## **12. Önnur mál**

- Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:50.